

**454. fundur velferðarnefndar**  
**haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 11. desember**  
**2020 og hófst hann kl. 08:10.**

**Fundinn sátu:**

Pórir Guðmundsson varaformaður, Hulda María Guðjónsdóttir aðalmaður, Auður Helga Ólafsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Hlynur Reynisson og Harpa Björnsdóttir aðalmaður.

**Embættismenn:**

Margrét Geirsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs og Alberta G Guðbjartsdóttir, deildarstjóri félagsþjónustu.

**Fundargerð ritaði:** Alberta G. Guðbjartsdóttir, deildarstjóri félagsþjónustu.

**Dagskrá:**

**1. Trúnaðarmál - velferðarnefnd - 2011090094**

Eitt trúnaðarmál kynnt í velferðarnefnd.

*Trúnaðarmálið afgreitt og fært til bókar í trúnaðarmálabók velferðarnefndar.*

**2. Reglur um afslátt af fasteignagjöldum fyrir elli- og örorkulífeyrisþega - 2017110061**

Lagðar fram til kynningar reglur um afslátt af fasteignagjöldum fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, þar sem tekjuviðmið 6. gr. eru uppfærð í samræmi við fjárhagsáætlun 2021.

*Lagt fram til kynningar.*

**3. Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2021-2033 - 2020070011**

Velferðarnefnd fjallar um helstu áherslur velferðarmála í vinnu við endurnýjun á aðalskipulagi fyrir 2021-2033.

*Skipulagður vinnufundur um endurnýjun á aðalskipulagi verður haldinn 7. janúar 2021, með aðal- og varamönnum.*

**4. Rauði krossinn - Samvinna í verkefnum - 2020120026**

Kynntar tillögur frá Rauða krossinum á Ísafirði að samvinnu um verkefni jólaaðstoðar.

*Nefndin tekur vel í erindið og óskar eftir fundi með fulltrúum Rauða krossins á svæðinu.*

**5. Íþrótt- og tómstundastyrkir til lágtekjuheimila vegna Covid-19 - 2020110018**

Lagðar fram til kynningar reglur um úthlutun sérstakra íþrótt- og tómstundastyrkja fyrir börn frá tekjulágum heimilum skólaárið 2020-2021. Reglurnar voru samþykktar á 465. fundi bæjarstjórnar.

*Lagt fram til kynningar. Nefndin fagnar framtaki félagsmálaráðuneytisins.*

**6. Ýmiss erindi 2020-2021 - 2020100107**

Lögð fram til kynningar 7. stöðuskýrsla uppbyggingarteymis félags- og atvinnumála vegna Covid-19, dags. 6. nóvember 2020. Á 1129. fundi bæjarráðs, þann 9. nóvember 2020, var málinu vísað til velferðarnefndar.

*Lagt fram til kynningar.*

**7. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2020 - 2020010075**

Lagður fram tölvupóstur Kormáks Axelssonar, f.h. velferðarnefndar Alþingis, dags. 18. nóvember 2020, þar sem Ísafjarðarbæ er send til umsagnar tillaga til þingsályktunar um búsetuöryggi í dvalar- og hjúkrunarrýmum, 240. mál. Umsagnarfrestur var til 2. desember.

Á 1131. fundi bæjarráðs, þann 23. nóvember 2020, var málinu vísað til velferðarnefndar.

*Lagt fram til kynningar.*

**8. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2020 - 2020010075**

Lagður fram tölvupóstur Kormáks Axelssonar, f.h. velferðarnefndar Alþingis, dags. 18. nóvember 2020, þar sem Ísafjarðarbæ er send til umsagnar tillaga til þingsályktunar um orlofshúsnaði örorkulífeyrisþega, 187. mál. Umsagnarfrestur var til 2. desember.

Á 1131. fundi bæjarráðs, þann 23. nóvember 2020 var málinu vísað til velferðarnefndar.

*Lagt fram til kynningar.*

**9. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2020 - 2020010075**

Lagður fram tölvupóstur Kormáks Axelssonar, f.h. velferðarnefndar Alþingis, dags. 25. nóvember 2020, þar sem Ísafjarðarbæ er send til umsagnar tillaga til þingsályktunar um um bættu stjórnýslu í umgengnismálum, 104. mál. Umsagnarfrestur er til 9. desember nk.

Á 1132. fundi bæjarráðs, þann 30. nóvember 2020, var málinu vísað til velferðarnefndar.

*Lagt fram til kynningar.*

**10. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2020 - 2020010075**

Lagður fram tölvupóstur Kormáks Axelssonar, f.h. velferðarnefndar Alþingis, dags. 25. nóvember 2020, þar sem Ísafjarðarbæ er sent til umsagnar frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof, 323. mál. Umsagnarfrestur var til 6. desember.

Á 1132. fundi bæjarráðs, þann 30. nóvember 2020, var málinu vísað til velferðarnefndar.

*Lagt fram til kynningar.*

**11. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2020 - 2020010075**

Lagður fram tölvupóstur Kormáks Axelssonar, f.h. allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 1. desember 2020, þar sem Ísafjarðarbæ er send til umsagnar tillaga til þingsályktunar um félagsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, 113. mál.

Umsagnarfrestur er til 15. desember nk.

Á 1133. fundi bæjarráðs, þann 7. desember 2020, var málinu vísað til fræðslunefndar.

*Lagt fram til kynningar.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:40**

---

Þórir Guðmundsson

---

Hulda María Guðjónsdóttir

---

Hlynur Reynisson

---

Harpa Björnsdóttir

---

Margrét Geirsdóttir

---

Alberta G Guðbjartsdóttir